

Ed.

242. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra 125 þús. kr., sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 81 23. júní 1932, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, enda sé tryggt, að forráðamenn þeirra skipa, sem upp eru tekin á brautina, geti ráðstafað öllum aðgerðum á þeim eftir eigin vild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.